

Skýrsla stjórnar

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf., 24. maí 2013
Árni Sigurjónsson

Ágætu fulltrúar hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

Í þessari skýrslu er fyrst fjallað um fjármál og afkomu félagsins, þá nokkur af verkefnum ársins og stöðu kerfisins og að lokum um tiltekin viðfangsefni stjórnar um þessar mundir.

I

Afkoma félagsins á síðasta rekstrarári var góð. Rekstrargjöld ársins 2012 voru 112,6 milljónir króna og hagnaður 4,9 milljónir króna; hagnaður að teknu tilliti til fjármagnstekna var 8,7 milljónir króna sem er umtalsverður viðsnúningur frá árinu áður þegar afkoman var neikvæð um 2,4 milljónir króna.

Nokkur tímamót urðu í rekstri félagsins í byrjun ársins 2012 en þá hafði aðaleign félagsins, hugbúnaðarkerfið Aleph frá Ex Libris, verið afskrifuð að fullu. Það eru afskriftirnar sem mestu ráða um jákvæða útkomu nú því sá kostnaðarliður lækkaði úr 11 milljónum árið 2011 í 3,4 milljónir króna árið 2012. Aðrir liðir má segja að hafi verið í nokkru jafnvægi; hækkun á liðnum *Annar rekstrarkostnaður* skýrist af aukinni aðkeyptri vinnu en á móti lækkaði launakostnaður lítillega; þetta tengist því að ekki var ráðinn forritari til félagsins í stað þess sem hætti, heldur valin sú leið að kaupa forritunarvinnu af verktaka. Þá hefur hýsingarkostnaður þróast á hagfelldan hátt fyrir okkar rekstur.

Þegar litið er á efnahagsreikning sést að eignir hafa aukist nokkuð og tengist það þeirri staðreynd að afskriftakostnaður lækkaði verulega á árinu og handbært fé jókst að sama skapi eða í rúmar 105 milljónir króna. Heildareignir félagsins eru 140,9 milljónir króna en eigið fé 134,4

milljónir og er eiginfjárhlutfallið 95,4% sem sýnir að félagið er mjög lítið skuldssett.

Veltufjárhlutfall, sem er veltufjármunir deildir með skammtímaskuldum, er sömuleiðis í afar góðu horfi eða 18,6 en þetta hlutfall er mælikvarði á hvort félag er talið líklegt til að geta greitt af skuldum næstu tólf mánuðina.

Í stuttu máli er óhætt að fullyrða að fjárhagsleg staða félagsins er með ágætum og að því leyti er það nú vel í stakk búíð til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

II

En lítum nú á kerfi félagsins og starfrækslu þeirra á liðnu starfsári.

Þess má geta til gamans að 19. maí síðastliðinn voru tíu ár liðin frá því Gegnir var tekinn í notkun. En í lok apríl 2013 var tæplega 1,1 milljón titla skráð í þetta ágæta kerfi en fjöldi eintaka var þá um 5,4 milljónir. Í apríl ári fyrr voru titlarnir um 1 milljón en eintökin 5,2 milljónir; þarna er því hægur en stöðugur vöxtur. Í lok apríl 2013 voru um 306 þúsund gögn í útláni og er það nánast sami fjöldi og á sama tíma á árinu 2012; hins vegar drógust heildarútlán ársins nokkuð saman milli áranna 2011 og 2012.

Á starfsárinu héldum við áfram að þróa leitarvefinn Leitir.is. Í stórum dráttum má skipta þeirri vinnu í þrjá flokka: virkni, gögn og útlit; en að auki er veitt leiðsögn um kerfið og kynning.

Vinna við virkni kerfisins lýtur að því að innleiða og staðfæra nýjungar sem ýmist eru hluti af kerfinu nú þegar, koma með uppfærslum frá framleiðanda eða með virkjun nýrra þjónustupáttá.

Í nóvember 2012 voru Leitir uppfærðar í útgáfu 4 og er það í fyrsta skipti sem Landskerfið hefur uppfært þetta kerfi. Gekk sú vinna samkvæmt áætlun og fylgja nýju útgáfunni ýmsar lagfæringar og nýjungar og má nefna bætt leitarvirkni í því sambandi en nú er m.a. hægt að leita að fleiri en einu útgáfuformi í einu og útiloka ákveðin form í sömu leit. Einnig er nú hægt að skrá sig inn, endurnýja og taka frá gögn á snjallsímavef.

Áður hefur verið sagt frá því að hægt er að leita í rafrænum tímaritsgreinum Landsaðgangs í Leitir.is en þar er notuð þjónusta sem kallast Primo Central Index (PCI) og er hún rekin af Ex Libris. Á starfsárinu bættist við leit í rafrænum séráskriftum háskólanna og birtast niðurstöður hennar undir sérstökum flípa, sem merktur er *Fræðigreinar* auk niðurstaðna úr Landsaðgangi.

Þar með er leitað samtímis í séráskriftum Landsaðgangs og háskólanna. Þá var ábendingarþjónusta bX (á ensku „Recommender Service“) tekin í notkun bæði í Leitum og í SFX krækjukerfinu. Ábendingarþjónustan bendir notendum á skylt efni og auðveldar þeim því að finna eitthvað sem þeir voru ekki beinlínis að leita að en getur þó komið að gagni. Í Leitum er þessi þjónusta eingöngu í boði fyrir rafrænar tímaritsgreinar og er aðgengileg undir flípanum *Ábendingar*.

Allar þessar umbætur á vefnum Leitir.is sýna að framleiðandinn er vakandi fyrir nýjungum og að þetta vefkerfi tekur stöðugum framförum. Vefurinn verður æ gagnlegri fyrir alla notendur en umfram allt njóta þeir kannski góðs af sem eru í markvissri upplýsingaleit, til að mynda fyrir námsritgerðir og hvers kyns skýrslur eða úttektir.

Greiða þarf Ex Libris fyrir aðgang að bX og PCI þjónustunum. Landskerfi bókasafna greiðir fyrir bX þjónustuna. Á síðasta ári tók Landskerfið einnig þátt í að greiða fyrir PCI á móti Landsaðgangi en í mars síðastliðnum náðist um það sátt að háskólarnir myndu hér eftir greiða 40% kostnaðarins af notkun á PCI en Landsaðgangur 60%.

Það að Landsaðgangur skuli nú að mestu aðgengilegur í gegnum Leitir.is er hreint út sagt frábært frá sjónarmiði notenda og eykur verulega gagnsemi þeirra fjölmörgu rita sem landsaðgangurinn opnar okkur um leið og notagildi Leita eykst að sama skapi. Rétt er að undirstrika hér að slíkt vinnutæki er afar dýrmætt fyrir námsmenn og fræðimenn landsins. Sú var tíðin að fræðimenn á Íslandi stóðu nánast ráðalausir frammi fyrir þeirri staðreynd að söfnin okkar voru fátæk að alþjóðlegum fræðiritum á ýmsum sviðum. Þess eru dæmi að fyrir fáum áratugum hafi Háskóli Íslands byrjað kennslu í fræðigreini án þess að bókasafn skólans ætti eitt einasta boðlegt fræðirit í greininni og átti engin fag tímarit um efnið. Í ljósi þessa er sú nýjung sem felst í Landsaðgangi með leitarviðmóti Leitir.is í raun *grettistak* og hika ég ekki við að kalla hana eina af mikilvægum stöðum æðri menntunar í landinu.

Á liðnu ári fólst vinna við gögn að mestu í því að samræma birtingu ólíkra gagna í Leitir.is. Þessi vinna skarast mjög við gæði skráningar í upprunakerfi svo sem Gegni eða öðrum gagnasöfnum. Hún hefur meðal annars leitt af sér mikið samstarf við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn um samkeyrslu gagna í Skemmunni, timarit.is, Rafhlöðu og Gegni og er markmiðið að bæta rafrænan aðgang að gögnum.

Í þriðja lagi var unnið að útlitslegum breytingum á viðmóti Leitir.is með hliðsjón af niðurstöðum nytsemisprófana, aðgengisúttektar og ábendingum sem borist höfðu. Slíkar breytingar, t.d. á litum, letri og flipum, gera vefinn mun notendavænni og er nauðsynlegt að vera stöðugt vakandi fyrir slíkum tækifærum.

Þá skal þess getið að prentuð voru bókamerki og veggspjöld til kynningar á Leitir.is á árinu og þeim dreift í lok sumars.

Margvísleg vinna var að sjálfsögðu einnig unnin í sambandi við Gegni. Nefna má að með tveimur þjónustupökkum voru ýmsar villur lagfærðar og virkni færð til betri vegar. Þá var lyklun í kerfinu bætt með aðgerðum í apríl. Á starfsárinu virkjaði fyrirtækið millisafnalána- og aðfangabátt m.a. fyrir Borgarbókasafn Reykjavíkur og leiðbeindi safninu um notkun þeirra og um innleiðingu verkferla.

Tímafrekt reyndist að keyra inn gögn um rafræna tímarita- og bókapakka í Landsaðgangi og í séráskriftum háskóla í Gegni. Hér er um tilraunaverkefni að ræða og hefur það reynst flóknara en áætlað var í upphafi. Almennt má segja að vinna við að hlaða rafrænu efni með vélrænum hætti í Gegni og gera það sýnilegt á Leitir.is fer vaxandi hjá Landskerfi bókasafna. Því vandaðri sem færslurnar eru hjá útgefendum, þeim mun þægilegra er að hlaða þeim inn í Gegni; þar reynir semsé á gæði upphaflegrar skráningar. Önnur leið er að gera kostaðar rafrænar tímaritsgreinar og bækur aðgengilegar beint í Leitir.is með PCI og SFX þjónustunum. Verkefni af þessum toga hafa kallað á stofnun sérstaks samvinnuhóps, svokallaðs Rafgagnahóps, sem á að móta stefnu um skráningu og notandaaðgengi að rafrænum safnkosti til framtíðar. Hópurinn verður skipaður sérfræðingum á sviði notendapjónustu, skráningar, rafrænna aðfanga og kerfislausna.

Stöðugt er unnið að því að auka og einfalda úrvinnslu á gögnum í Gegni svo sem varðandi tölfræðilegar upplýsingar sem geta nýst bókasöfnunum en einnig hefur verið stofnað til samstarfs við aðra aðila eins og bókaútgefendur og hagsmunasamtök þeirra. Þá er leiðsögn varðandi notkun kerfanna í formi kennslu og margvíslegrar upplýsingamiðlunar drjúgur þáttur í starfi félagsins. Stór hluti formlegrar kennslu fer fram að hausti en þá eru haldin námskeið bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, nú síðast á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum.

III

Á nýliðnu starfsári hélt stjórn Landskerfis bókasafna hf. tíu stjórnarfundi. Þau mál sem komið hafa á borð stjórnar félagsins verða ekki rakin hér í þaula en nokkur þeirra nefnd.

(a) Það er á verksviði stjórnar að móta stefnu fyrir fyrirtækið; á liðnu ári efndi félagið til sérstaks stefnumótunardags og funda með fulltrúum hugbúnaðarfyrirtækja, sem hanna bókasafnskerfi, og með starfsmönnum til að efla þennan þátt í starfi sínu. Stefnumótunardagur var haldinn 4. desember og fengnir utanaðkomandi fyrirlesarar og fulltrúi frá Ex Libris til að halda erindi. Þegar menn horfa til framtíðar er öðru fremur ljóst að framleiðendur hugbúnaðar stefna í þá átt að selja þjónustu eða aðgang að bókasafnskerfi yfir Internetið fremur en að selja kaupanda á borð við bókasöfn eða samlög bókasafna eintak af hugbúnaðarkerfinu. Þá fékk stjórn félagsins líka fulltrúa OCLC til að kynna kerfislausn frá því félagi og er hún einnig þessu marki brennd. Þá aflar stjórnin gagna og fylgist með í gegnum ráðstefnur sem starfsmenn félagsins sækja erlendis. Mikilvægt er að félag okkar kynni sér áfram markaðinn og stefnu annarra í þróun bókasafnskerfa. Þess má geta að þó að Ex Libris tefli nú fram vefþjónustukerfi sínu, sem kallast Alma, er það kerfi ekki enn í stakk búið til að þjónusta svo víðtækt samlag sem Gegnir þjónustar nú þar sem saman koma fjöldamörg söfn með margþætta starfsemi.

(b) Á árinu 2012 gengu þrír nýir hluthafar til liðs við félagið: Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær og Sveitarfélagið Skagaströnd. Félagið býður þessi byggðarlög öll velkomin til samstarfs; einnig þau stöku söfn sem hófu að nota Gegni á árinu en það eru Fjölbrautaskóli Vesturlands, Menntaskólinn á Laugarvatni, Landsvirkjun, Bókasafn Skagastrandar, Bókasafn Ísafjarðar og Bókasafn Bolungarvíkur. Tvö söfn heltust hins vegar úr lestinni, fyrst og fremst vegna þess að þau eru svo lítil að þau geta ekki haft nægilegt gagn af kerfinu; og eitt lítið safn var lagt niður.

(c) Persónuvernd skrifaði Landskerfi bókasafna bréf vegna aðsendrar athugasemdar um notkun kennitölu við innskráningu á vef Gegnis. Félagið hefur sett í gang ferli til að bregðast við ábendingum stofnunarinnar og bæta vernd persónulegra upplýsinga í kerfinu.

(d) Stjórn félagsins setti saman mannauðsstefnu fyrir félagið en í eigendastefnu ríkisins er gert ráð fyrir að félög í eigu ríkisins útbúi sér slíkt plagg. Haft var samráð við starfsmenn um mannauðsstefnuna og var hún svo samþykkt formlega á stjórnarfundi fyrr í dag.

(e) Stjórn Landskerfis bókasafna átti árlegan samráðsfund með stjórn notendafélagsins Aleflis. Mikilvægt er að halda góðum tengslum milli Landskerfis bókasafna og þeirra sem nota kerfið á bókasöfnunum og má í því sambandi geta þess að starfsfólk félagsins tekur þátt í margvíslegu faglegu samstarfi, svo sem efnisorðaráði, skráningarráði og gæðahópi auk annarra tilfallandi vinnuhópa. Landskerfi bókasafna er samstarfsverkefni sem byggir á skilningi og velvild margra og þar skiptir samráð sköpum ef árangur á að nást. Að okkar mati er samstarfið bókasöfnunum sjálfum mikilvægt og má minna á að í nýjum bókasafnalögum sem sett voru 28. desember 2012 er skýrt kveðið á um samvinnu bókasafna og segir þar: „Þau skulu taka þátt í samstarfi bókasafna og safnkostur þeirra skal aðgengilegur eftir því sem við verður komið. Upplýsingar um safnkostinn skulu aðgengilegar öllum.“ Landskerfi bókasafna vill einnig efla faglega fræðslustarfsemi og safnaumræðu og styrkti því tvær ráðstefnur um bókasafnsfræðileg efni á starfsárinu.

(f) Á þarsíðasta aðalfundi var sú breyting gerð á tilgangsklausu samþykta félagsins að það skyldi snúa að söfnum og ekki eingöngu bókasöfnum. Tilgangur félagsins er því skv. samþykktum nú: „að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðipjónustu.“

Þetta var gert ekki síst með það í huga að Leitir.is eru í stakk búnar til að leita í margháttuðum gagnasöfnum og þarf leitarvélina ekki að einskorðast við ritverk og bókasöfn heldur getur það í raun leitað í hvers kyns veflægum gagnagrunnum svo fremi sem þar er um að ræða skráðan höfund, titil, útgáfuár, útgáfusnið og annað það sem leitin þarf að byggjast á.

Það hefur lengi verið hluti af framtíðarsýn Landskerfis bókasafna að gagnlegt geti verið fyrir notendur bókasafna að geta leitað á einum stað að hvers kyns nýtilegum heimildagögnum, þar á meðal myndefni og hljóðefni auk ritaðra heimilda. Því tók stjórn Landskerfis bókasafna því vel þegar stjórn rekstrarfélags Sarps hafði samband við félagið um hugsanlegt samstarf en Sarpur er kerfi sem minjasöfn landsins og fleiri tengd söfn hafa þróað sameiginlega á undanförunum árum. Í Sarp eru skráðar minjar af ýmsu tagi sem geta verið allt frá húsum til fingurbjarga eða vínílhjúmplatna að ógleymdum verkum myndlistarmanna. Sarpur er ólíkur Gegni að ýmsu leyti enda ekki ætlaður til að skrá útlán á söfnum, ólíkt Gegni. Sameiginlegt með þeim er þó hið ljósa og mikilvæga markmið að miðla upplýsingum um safnkost til netnotenda.

Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri hefur haft forystu af okkar hálfu um að leita skynsamlegra leiða í þessu mögulega samstarfi og stefnum við nú að samvinnu sem standi í tvö ár til reynslu og mun felast í sameiginlegu starfsmannahaldi og samvinnu um ýmsa verkþætti, svo sem innheimtu reikninga, námskeið og þjónustuborð. Landskerfi bókasafna nálgast þetta verkefni sem verktaki enda verður Rekstrarfélag Sarps áfram eigandi Sarps og kaupir tiltekna þjónustu af Landskerfi bókasafna ef samningar nást og allt gengur eftir. Síðar getur form samstarfsins breyst og orðið víðtækara ef henta þykir.

Landskerfi bókasafna sér þann meginávinning af samstarfi við Rekstrarfélag Sarps að það muni auðvelda okkur að ná því markmiði að veita notendum Leitir.is handhægan aðgang að mjög miklu af íslenskum safnkosti á einum stað.

En fleiri rök styðja þetta samstarf. Ef það getur leitt til kostnaðarlækkunar fyrir skattgreiðendur er það af hinu góða; Landskerfi bókasafna og Rekstrarfélag Sarps eru hvort um sig lítil eining á vettvangi fyrirtækja en styrkjast með því að stilla saman strengi sína. Þá þarf líka að hafa sjónarmið vefnotenda í huga en þegar notandi leitar sér efnis á vefnum um, svo dæmi sé tekið, Jóhannes Kjarval er það ekki aðalatriði í huga hans á hvaða formi hugverkið er – hvort það er bók, ritgerð, tónverk, myndverk eða myndskreið – það er augljós hagur notandans að hafa aðgang að öllu þessu á einum stað: í tölvunni sinni, á Leitir.is.

Við göngum því jákvæð og áhugasöm til þessa samstarfs og gerum okkur vonir um að vel takist til þótt vafalaust felist í því ýmsar áskoranir.

IV

Að síðustu vil ég rifja upp að á liðnu starfsári dró Anna Torfadóttir borgarbókavörður sig út úr stjórn Landskerfis bókasafna af heilsufarsástæðum og lést hún 30. nóvember síðastliðinn, hafði aðeins þrjá um sextugt. Anna var einn af frumherjum Landskerfis bókasafna, hóf sig yfir hrepparíg og olli miklu um að höfuðbókasöfnum landsins auðnaðist að ná samstöðu um eitt öflugt bókasafnskerfi. Með henni missti stjórn félagsins góðan féлага og traustan liðsmann. Félagið hélt aukaaðalfund 8. nóvember 2012 til að kjósa stjórnarmann í stað Önnu og tók þá Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður sæti hennar.

Fyrir hönd stjórnar Landskerfis bókasafna hf. vil ég að lokum færa framkvæmdastjóra félagsins og öðru starfsfólki kærar þakkir fyrir þeirra góða framlag á liðnu starfsári; þá þakka ég jafnframt samstarfsfólki mínu í stjórninni ánægjulegt samstarf á árinu.

###